

EFNISTAKA ÚR HÓLABRÚ Í HVALFJARÐARSVEIT

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit felist í neikvæðum sjónrænum áhrifum á landslag, sérstaklega á meðan efnistöku stendur. Skipulagsstofnun telur hinsvegar jákvæð þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökkunni vindur fram og stefna að því að svæðið geti nýst sem landbúnaðarland til beitar þegar allri efnistöku hefur verið hætt á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að til að auka umferðaröryggi sé mjög mikilvægt að bæta merkingar á Hringvegi við efnistökusvæðið.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	3
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
3.1	ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG.....	5
3.1.1	Áhrif á útivist.....	5
3.1.2	Áhrif á aðrar atvinnugreinar	6
3.1.3	Áhrif á umferð	6
3.2	ÁHRIF Á LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF.....	6
3.3	ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR.....	7
3.4	STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA.....	8
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	8

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 30. janúar 2009 sendi UMÍS ehf. Environice f.h. Tak-Malbiks og Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar, frummatsskýrslu um efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 6. febrúar 2009 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 6. febrúar til 23. mars 2009 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.umis.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til UMÍS ehf.

Þann 8. júní 2009 sendi UMÍS ehf. Environice f.h. Tak-Malbiks og Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar matsskýrslu um efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Hólabrú í Hvalfjarðarsveit - Efnistaka. Desember 2008.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 11. mars 2009.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. febrúar 2009.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 23. febrúar 2009.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. febrúar 2009.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 11. febrúar 2009.

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Hólabrú í Hvalfjarðarsveit – Efnistaka. Barst 11. júní 2009.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirtækin Tak-Malbik ehf. og Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ráðgeri áframhaldandi efnistöku í Hólabrú í Hvalfjarðarsveit, þar sem fyrirtækin hafi unnið að efnistöku í um áratug. Náman sé í Innra-Hólmslandi, staðsett nálægt norðuropi Hvalfjarðarganganna ofan við Hringveginn. Hólabrú sé brattur malarkambur upp frá sjó og nái um 60 metra hæð, aðeins 4-500 metrum frá fjöruborði. Nýtt efnistökusvæði liggja samhliða þeirri námu sem unnið hafi verið úr, frá 1956 og jafnvel fyrr. Þetta sé svæði sem henti að mörgu leiti vel til efnistöku, m.t.t. efnisgæða, magns og staðsetningar. Stór hluti af byggingarefni höfuðborgarsvæðisins hafi verið sóttur á þessar slóðir í Hvalfirði. Gæði efnis sem fáiast úr námunni séu mikil og uppfylli m.a. kröfur um steinefni í malbik sem sé vandfundið annars staðar. Að sama skapi sé efnið ákjósanlegt í fyllingar, þar sem þjöppun þess sé góð.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að halda áfram núverandi efnistöku úr Hólabrú til að mæta efnisþörf til malbikunarframkvæmda, vegagerðar og mannvirkjagerðar í dag og til framtíðar. Markmiðið sé að efnistakan fari fram í sem mestri sátt við umhverfið og að umhverfismatið hjálpi til við að svo megi verða. Efnistakan í Hólabrú hafi undanfarinn áratug farið fram í samvinnu við landeigendur Innra-Hólms og í sátt við sveitarstjórn. Í næsta nágrenni við Hólabrú séu fleiri efnistökuastaðir, þótt umrædd náma sé þar langstærst. Áætlað sé að nú þegar hafi verið unnið úr Hólabrú um 1.000.000 m³ efnis. Náman sé í sjávarhjalla sem myndast hafi þegar sjávarborð stóð hærra við lok ísaldar. Efnid í hjallanum sé möl og sandur, að hluta til nokkuð samlímt. Efninu hafi í seinni tíð verið mokað niður með stórum vinnuvélum, en fyrrum hafi verið sprengt í námunni. Gert sé ráð fyrir að áfram verði notaðar stórar vinnuvélar við vinnsluna. Fallið hefur verið frá þeim kosti að hreinsa allt vinnanlegt efni úr námusvæðinu, bæði ofan og neðan Hringvegar. Kostur framkvæmdaraðila geri ráð fyrir að allt að 2.000.000 m³ af efni verði unnir úr námunni á næstu 15-20 árum. Gert sé ráð fyrir að núverandi náma verði framlengd upp að gamla veginum ofan við námusvæðið og einnig nokkuð til vesturs, en aldrei lengra en að núverandi túngirðingu. Þá sé gert ráð fyrir að eldri hluti námunnar verði víkkaður og dýpkaður.

Núllkostur. Fram kemur að núllkostur feli það í sér að ekki verði tekið meira efni úr Hólabrú. Ljóst sé að núllkostur muni að öllum líkindum kalla á að efnistakan fari fram annars staðar. Bent er á að umhverfis Hólabrú sé stórt athafnasvæði sem hafi haft í för með sér talsverðar breytingar á landi. Þá sé það rask sem átt hafi sér stað í og við Hólabrú nú þegar orðið verulegt og óafturkræft. Austan við vinnslumörkin sem hér séu til umræðu sé auk þess önnur náma (í landi Kúludalsár) og þar hafi verið sótt um framkvæmdaleyfi til áframhaldandi efnistöku. Námuvinnslan í Hólabrú sé í fullri sátt milli landeigenda og verktaka og traust ríki á milli aðila. Landeigendur séu meðvitaðir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og séu reglulega upplýstir um gang mála. Þeir hafi komið að matinu, ekki síst til að veita mikilvægar upplýsingar um framkvæmdasvæðið og umhverfi þess.

Búnaður og vinnsla. Í matsskýrslu kemur fram að í Hólabrú sé stöðug vinnsla. Öllu jöfnu sé á svæðinu mólunarsamstæða. Einnig séu á svæðinu tvær rafstöðvar, þrjár hjólaskóflur, grafa, minigrafa og eitthvað af smærri tækjum. Venjulega séu 4 starfsmenn til taks, en það fari eftir aðstæðum á hverjum tíma. Starfsmannaaðstaða sé í námunni, matarskúr á hjólum með eldhúsi og snyrtingu. Frárennslið sé tengt rotþró. Neysluvatnslögn liggi ofan úr fjalli. Í námunni sé einnig lítill skúr þar sem efni sé prófað. Auk þess séu á svæðinu geymslugámar, spennir og viðgerðaraðstaða. Öll mannvirki og búnaður á svæðinu eru hreyfanleg án fyrirhafnar.

Umgengni á rekstrartíma. Í matsskýrslu kemur fram að tekist hafi nokkuð vel til, sér í lagi sl. áratug eða svo, að loka framkvæmdasvæðið af, þannig að minna beri á því. Það sé metnaðarmál hjá landeigendum á Innra-Hólmi og rekstraraðilum Hólabrúar að tryggja góða umgengni, ásýnd og snyrtimennsku á rekstrartíma námunnar. Efnistaka í Hólabrú fari í raun fram á öllu svæðinu. Enn sé verið að dýpka námuna og víkka. Umfang á eystra svæði námunnar sé mun minna en á vesturhlutanum. Þar sé unnið með gröfum og vörubílum og efni haugsett tímabundið. Vinnuvélar hafi nægjanlegt rými til athafna og námuvegur sé innan svæðis. Svæði A sé athafnasvæði þar sem vinnubúðir séu staðsettar. Þar sé einnig verkstæði og tímabundin geymsla tækja sem og annars búnaðar sem notað sé við efnistöku. Á þessu svæði verði helst vart við laust rusl og annað sem geti helst valdið mengun. Framkvæmdaraðili áformi að bæta ásýnd og umgengni á svæði A. Svæði B og C séu snyrtilegri athafnasvæði þar sem staðsett séu sérhæfðari tæki til efnisvinnslu og

malbikunar. Rykmyndandi vinnsla sé staðsett á sem lægstum punkti í námunni til þess að tryggja að slíkt hafi sem minnst áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið.

Frágangur. Í matsskýrslu kemur fram að þegar efnistöku ljúki sé land mótað á nýjan leik. Þegar komi að 1. áfanga í frágangi námusvæðisins hyggist framkvæmdaraðili sækja um leyfi fyrir tippsvæði, hugsanlega í samstarfi við sveitarfélagið eða aðra aðila. Þann jarðveg yrði þá hægt að nýta til landmótunar á svæðinu. Í námubotninum verði efni úr jarðvegshaugum nýtt, sem og efni sem geymt hafi verið á fyrirhuguðu tippsvæði. Þá muni manir einnig nýtast við lokafrágang námu. Ekki sé gert ráð fyrir að hrófla við svæðinu sem liggja að fjallshlíð Akrafjalls ofan við gamla veginn. Við Hringveginn verði þess gætt að efni sé ekki tekið í lóðréttu stáli að veghelgunarsvæði. Miðað verði við að flái efnistökusvæðisins verði ekki brattari en 1/1,5 eins og fram kemur í umsögn Vegagerðarinnar. Við lokafrágang svæðisins næst Hringvegi sé stefnt að því að hafa samráð við Vegagerðina um endanlegan frágang. Stefnt sé að því að græða svæðið upp þegar efnistökunni lýkur. Í samvinnu við landeigendur verði gengið þannig frá svæðinu að það muni falla að næsta nágrenni og nýtast sem landbúnaðarsvæði á nýjan leik að efnistöku lokinni. Jarðvegur, svarðlag og lífrænt efni verði nýtt eins og kostur sé við frágang á svæðinu í lok vinnslutímabils en að auki verði sáð grastegundum sem víkja auðveldlega fyrir grenndargróðri til að koma í veg fyrir rof. Frágangi námusvæðis sé lokið þegar yfirbragð gróðursins sé í samræmi við grenndargróður og fyrirhugaða nýtingu. Áætlaður vinnslutími námunnar sé 15-20 á og endanlegur frágangur fari því fram í fyrsta lagi árið 2023 og rétt að gera fyrirvara m.t.t. þessa. Þegar að lokafrágangi komi verði það að sjálfsgöngu gert í samráði við hlutaðeigandi aðila.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

3.1.1 Áhrif á útivist

Samkvæmt matsskýrslu liggur reið- og gönguleið meðfram Innnesvegi og Innra-Hólmsvegi og þaðan eftir gamla þjóðveginum undir Akrafjalli og síðan með hringveginum. Þá sé Akrafjall mikið nýtt til útivistar, þótt sjaldan sé gengið á fjallið á þeim slóðum þar sem áætluð efnistaka muni fara fram. Truflandi áhrif efnistökkunnar á útivist gætu tengst ónæði af hennar völdum en einnig geti upplifun vegna útivistar orðið neikvæðari vegna sjónrænna áhrifa. Gönguleiðir á Akrafjall séu nokkrar og talsvert mikið notaðar, á einni þeirra sjáist yfir námusvæðið ofan af fjallinu. Engar merktar gönguleiðir séu á fjallið í grennd við námuna, enda skriðurnar á þessum slóðum illar yfirferðar. Að sögn heimamanna sé afar fátítt að sjá fólk á gangi á þessum slóðum. Því megi draga þá ályktun að svæðið sé lítið notað til útivistar gangandi fólks. Nokkuð sé um að gamli vegurinn ofan við námuna sé nýttur til útreiða, sér í lagi af nágrönnum í norðri, þ.e. á Kúludalsá. Ekkert sé því til fyrirstöðu að vegurinn sé nýttur sem slíkur, bæði á framkvæmdatíma efnisvinnslunnar sem og að honum loknum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á upplifun gangandi útivistarfólks verði fremur neikvæð fyrir þá sem staddir eru ofan námunnar á Akrafjalli, á móti kemur að ólíklegt er að náman sjáist nema fyrir lítinn hluta þeirra sem fara á fjallið. Auk þess sem engin skipulögð uppgönguleið liggur í nágrenni námunnar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar hafi óveruleg neikvæð áhrif á þá sem stunda hestamennsku í nágrenni námunnar.

3.1.2 Áhrif á aðrar atvinnugreinar

Í matsskýrslu kemur fram að hvorki sé íbúðabyggð í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði, né sé slíkt fyrirhugað skv. gildandi aðalskipulagi. Í næsta nágrenni við námusvæðið sé stundaður hefðbundinn landbúnaður og námuvinnsla. Námuvinnslan sé talin hafa lítil sem engin áhrif á þann landbúnað sem stundaður sé vestan efnistökusvæðisins. Heildaráhrif framkvæmdar á aðrar atvinnugreinar séu talin fremur jákvæð, þar sem framkvæmdin styrki atvinnulíf á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif aukinnar efnistöku úr Hólabrú á aðrar atvinnugreinar verði óverulegar.

3.1.3 Áhrif á umferðaröryggi

Í matsskýrslu kemur fram að akstur í og úr námunni fari um Hringveg. Aðkoman sé fremur þröng og við vissar aðstæður geti skapast hættuástand, þar sem umferðaröryggi sé jafnvel ógnað. Þrátt fyrir tiltölulega þröngt sjónarhorn, sjái ökumenn stórra bíla mun betur í báðar aksturstefnur en ökumenn minni bíla. Mesta umferðin um hringveginn á þessum slóðum sé síðdegis á föstudögum og sunnudögum en það heyrir til undantekninga að unnið sé í námunni á þeim tímum.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að brýnt sé að auka umferðaröryggi á þessum slóðum, t.d. með aðrein eða sambærilegum aðgerðum. Ekki sé ásættanlegt að leggja það fram sem rök að akstur í og úr námu sé takmarkaður á álagstímum.

Framkvæmdaraðili bendir á það hafi verið nefnt við Vegagerðina að sett verði upp varúðarskilti við Hringveginn til að vara ökumenn við hugsanlegri hættu vegna námuvinnslunnar og umferðar sem henni tengist.

Skipulagsstofnun tekur undir áhyggjur Hvalfjarðarsveitar og telur að þar sem Hringvegur sveigi út á þeim kafla sem ekið er inn í námuna sé sjónlína vegfarenda á Hringvegi fremur stutt. Fyrir vikið hvíli meiri ábyrgð á ökumönnum stórra vöruflutningabíla sem leið eiga að og úr námunni, þar sem sjónlínur þeirra eru lengri en lítilla fólksbíla sem fara um Hringveg. Skipulagsstofnun telur mjög mikilvægt að bæta merkingar við efnistökusvæðið en telur jafnframt brýnt að skoða hvort breyta skuli tengingu við námuna þegar farið verður í framkvæmdir við að auka afkastagetu Hvalfjarðarganga eða Hringvegjar.

3.2 ÁHRIF Á LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Í matsskýrslu kemur fram að staðsetning námunnar valdi því að í matinu er mikil áhersla lögð á sjónræn áhrif og landslag. Nálægð við Hringveg og þar af leiðandi mikil og þung umferð um svæðið gefi sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar mikið vægi. Undanfarin ár hafi verið lögð á það mikil áhersla að skerma framkvæmdasvæðið sem mest af frá umferð. Það hafi verið gert með mönum og með því að skilja eftir haft við Hringveginn svo að framkvæmdasvæðið blasi ekki við. Áfram verði unnið með þessum hætti. Vegna stækkunar framkvæmdarsvæðisins til vesturs verði þörf á að hrófla við efnishaugum og flytja þá til í samræmi við stækkað efnistökusvæði. Þar sem svarðlag og jarðvegur séu til staðar á öröskuðu svæði (og fyrirhugðu framkvæmdasvæði) verði þess gætt að það verði nýtt til uppgræðslu mana og/eða endurheimtar á fyrra gróðurfari. Jarðvegur undir svarðlagi verði haugsettur og í framtíðinni nýttur við lokafrágang svæðis. Fram að þeim tíma muni manir nýtast til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Sád verði í þær og svarðlag nýtt þar sem það sé hægt, bæði til að binda efnið og til að fella manirnar betur að landslaginu í kring. Á framkvæmdatíma verði efnishaugar staðsettir þannig

að þeir verði sem minnst áberandi. Hluti af því sem geri námuna áberandi í landslagi sé stór efnishaugur ofarlega í miðri námunni. Með því að velja haugnum aðra staðsetningu eða að hafa haugana tvo, hefði mátt draga úr sjónrænum áhrifum námusvæðisins. Framkvæmdaraðili muni taka tillit til þessara þátta og draga eins og kostur sé úr sjónrænum áhrifum námuvinnslunnar á framkvæmdatíma. Umræddur haugur sé tímabundið á svæðinu og muni hann fara minnkandi á næstunni.

Í matsskýrslu kemur fram að umhverfis Hólabrú hafi land tekið miklum breytingum undanfarið af manna völdum og því séu áhrif á landslag á svæðinu ekki einskorðuð við þessa framkvæmd. Hægt sé að lágmarka neikvæð áhrif með mótvægisáðgerðum. Heildaráhrif efnistökkunnar á landslag að teknu tilliti til mótvægisáðgerða séu ásættanleg að mati framkvæmdaraðila.

Umhverfisstofnun tekur í umsögn sinni undir með því sem framkvæmdaraðili segi í frummatsskýrslu og telur að helstu áhrif frekari efnistöku í Hólabrú verði áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Frekari efnistaka í Hólabrú muni hafa talverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Unnt sé að takamarka þessi áhrif á vinnslutíma með bættu verklagi í námunni, viðhaldi jarðvegsmana við jaðra námunnar og áfangaskiptingu vinnslu og frágangs. Ásýnd svæðisins að lokinni efnistöku fari að mestu leyti eftir því hversu vel gangi að fella svæðið að landi umhverfis námuna.

Skipulagsstofnun telur ógerlegt að stunda efnistöku án töluerðra neikvæðra sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag. Efnistakan í Hólabrú hafi þó þá kosti að vera á svæði þar sem áhrifa mannsins hefur gætt um langa hríð og ekki er verið að raska lítt snortnu svæði. Auk þess gerir staðsetning Hringvegarins neðan námunnar það að verkum að náman er ekki jafn áberandi og annars væri, auk þess sem leitast hefur verið við að draga úr sýnileika námunnar frá veginum. Skipulagsstofnun telur jafnframt jákvæð þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökkunni vindur fram og stefna að því að svæðið geti nýst sem landbúnaðarland til beitar þegar allri efnistöku hefur verið hætt á svæðinu. Engu að síður verði sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag neikvæð þann tíma sem efnistaka stendur.

3.3 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að malarhjallinn við Hólabrú, þar sem nú sé stundað malarnám, hafi upphaflega verið tiltölulega lítil malareyri sem myndast hafi við hærri sjávarstöðu. Eyrin hafi skagað suðvestur úr Akrafjalli út í mynna Hvalfjarðar í lok ísaldar. Myndunarsaga hjallans bendi til að efni hans sé að mestu leyti upprunnið í suðurhlíðum Akrafjalls.

Fram kemur að rannsóknir á svæðinu staðfesti það að vinnanlegt efni í námunni sé nálægt 2.000.000 m³. Svarfsýnataka gefi vísbendingar um að efnið sé af svipuðum gæðum og það sem nú sé unnið úr námunni. Á svæðinu séu ekki jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Heildaráhrif á jarðmyndanir á svæðinu séu talin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að fornir malarhjallar og strandlínur líkt og jarðmyndunin við Hólabrú séu merkilegur vitnisburður um skil jökulskeiðs og upphaf nútíma í jarðsögunni. Í matsskýrslu kom fram að fyrir liggja rannsóknir á myndun malarhjallans við Hólabrú. Slíkar jarðmyndanir finnast víða um land og njóta ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Skipulagsstofnun telur að áframhaldandi efnistaka í Hólabrú hafi neikvæð áhrif á jarðmyndanir en ekki sé um veruleg áhrif að ræða.

3.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku í Hólabrú í Hvalfjarðarsveit bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

Í Aðalskipulagi Innri-Akranesshrepps er gert ráð fyrir 800.000 til 1.200.000 m³ efnistöku í landi Innra-Hólms. Í vinnslu er aðalskipulag fyrir Hvalfjarðarsveit.

- Gera þarf grein fyrir framkvæmdinni í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og er nauðsynlegt að samræmi sé í magni og umfangi efnistökkunnar í nýju aðalskipulagi og þeim áformum sem gert hefur verið grein fyrir í matsskýrslu.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu UMÍS ehf. Environice sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla UMÍS ehf. Environice byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu UMÍS ehf. Environice til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla UMÍS ehf. Environice hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif efnistökkunnar felist í neikvæðum sjónrænum áhrifum, en að staðsetning námunnar ofan Hringvegjar og að leitast hefur verið við að draga úr sýnileika hennar frá veginum, geri það að verkum að náman er ekki jafn áberandi og annars væri. Skipulagsstofnun telur jafnframt jákvæð þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökkunni vindur fram og stefna að því að svæðið geti nýst sem landbúnaðarland til beitar þegar allri efnistöku hefur verið hætt á svæðinu. Engu að síður verði sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag neikvæð þann tíma sem efnistaka stendur.

Skipulagsstofnun telur að til að auka umferðaröryggi sé mjög nauðsynlegt að bæta merkingar á Hringvegi við efnistökusvæðið.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Reykjavík, 1. júlí 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson